

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 6. stjórnarfundar, haldinn þann 17. mars. 2024 í Reykjastræti kl. 10:00-12:50.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 5. fundar

Fundargerð 5. fundar samþykkt.

2. Ráðning framkvæmdarstjóra

Stjórnin ræddi næstu skref í ráðningarferlinu þ.m.t. spurningar og verkefni sem lögð verða fyrir umsækjendur. Stjórnin mun taka viðtöl við umsækjendur mánudaginn 18. mars. Ákveðið að birta nöfn umsækjenda um stöðu framkvæmdastjóra á vef félagsins sama dag.

3. Staða jarðhræringa á Reykjanesi

Nýjustu upplýsingar um framgang eldgossins, sem hófst 16. mars, ræddar. Staðan mun mögulega hafa áhrif á áform félagsins um skoðun á húseignum í bænum. Rætt að skoðun á húseignum muni þurfa að fara fram í samráði við Almannavarnir. Ákveðið að stjórnin hafi samband við Almannavarnir í komandi viku vegna þessa.

4. Afgreiðsla umsókna í tilviki altjónshúsa

Staða eigenda þessara húseigna rædd og ákveðið að afla nánari upplýsinga frá bæði HMS og NTÍ.

5. Búseturéttarhafar

Laga- og reglugerðarákvæði o.fl. sem varðar stöðu búseturéttarhafa rædd. Ákveðið að hefja undirbúning að samningaviðræðum við félagið Búmenn.

6. Lögmannsþjónusta

Ákveðið að semja við lögmann um þjónustu fyrir félagið. Guðrúnu falið að kanna málið og leggja til mögulega aðila.

7. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:50.

Óskar Józefsson
Hermann Hermannsson
Guðrún Þorleifsdóttir